

danskra arkitekta hana til þess að skreyta stórbyggingar, með myndvefnaði og steinlögn, og áttu þeir þó kost hvers sem vildu.

Þetta ótrúlega langlífi í listinni verður einasta skýrt með skaplyndi hennar, svo dudu og sjálfráðu, að ekkert gat verið henni fjær en sverjast í hóp lýstrar stefnu, eða hitt, að láta aðdáendur eða hylli halda í við sig á þeirri braut, sem trúnaður hennar við listina bauð henni að ganga. Sjálfræði hennar nálgast einþykkni, trúnaður hennar einmanaleik. Og samt er það svo, að þótt leið Júlíönu liggja frá natúralískri rómantík mótunaráranna, um langt skeið expressionískra landslagsmálverka og samstillinga, til hins gjöreinfalda og oft óhlutlæga á síðustu áratugunum í starfi hennar, verður hvergi bent á nein skil.

List hennar óx fram og smábreyttist af hljóðlátum samskiptum hennar við viðfangsefnin, einatt hér heima á sumrum, í stofum hennar í bláa húsinu við Nýhöfnina á veturnum, og svo hughverf eru þessi verk, að nánast var sama hvort hún veldi sér að myndefni leirskál við glugga eða landslagsefni heima í Eyjum: það er ekki fyrirmyndin sem talar í verkum Júlíönu, heldur er það hún sjálf, hin hljóða, djúpa samvitund áþreifanleika og anda, sem er efni allra listar.


Eitt af megineinkennum í myndlist Júlíönu Sveinsdóttur er einmitt þessi áþreifanleiki efnisins: myndin er ekki aðeins huglæg endurómun hins séða eða lifaða, heldur býr hún jafnan yfir ríku snertigildi. Þessi þörf hennar til efnisbundinnar tjáningar kom þegar snemma fram í því, að hún tók að fást við mósaík og freskómálun, jafnframt olíumyndum sínum. Ef til vill er það smiðurinn í föður hennar og ætt, sem þar er að verki. Og enn sté hún feti fram á þeirri braut, er hún tók að helga sig myndvefnaði í sívaxandi mæli og fann þar svo kjörið svið listhæfileika sinna, að hún var um langa hríð, og með réttu, talin í hóp bestu vefara Norðurlanda. Er þá langt til jafnað. Þegar þrýða skyldi dómssal hæstaréttar Danmerkur í til efni 300 ára starfs hans, 1962, var Júlíana valin til þess að vefa á stafnvegg dómssalarins eitthvert stærsta verk sem þar hefur úr vefstað komið. Þá var hún sjötíu og þriggja ára að aldri.

Þegar litið er á síðari málverk Júlíönu, fer það ekki leynt, að vefnaður hennar hefur orkað sterklega á þau. Fyrir þau áhrif hafa málverkin orðið einfaldari í formi, efnismeiri og nútímalegri en títt er um listamenn henni jafnaldr. Því má með sanni hafa í frammi þá óvenjulegu staðhæfingu, þar sem Júlíana Sveinsdóttir á í hlut, að hún hafi byrjað í verki sínu, eins og margir aðrir Íslenskir listamenn, á stíl sem orðin var talsverð eftirlega í evrópskri list, en staðið að ævilokum í fremstu fylkingu, og það jafnvel meðal hinna yngstu. Í því er ekki sízt merkileg saga þessarar fyrstu Íslensku konu, sem utan sigldi til listnáms."




Sjálfsmynd

Teppi



Frá sýningunni



Mosaik

Mosaik



Jökullinn

Ljós-
myndir
Mbl.
ÓI.K.M.

